

Alþingi
Erindi nr. P 122/1250
Fimmtudagurinn 18. september 1997 kl. 10:00
komudagur 18.3.'98

99. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 36/1997

Gjaldskrá Lögmannafélags Íslands

I. Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 3. júní 1997, frá Sveini Skúlasyni hdl. Þar sem þeirri fyrirspurn var beint til Samkeppnisstofnunar hvort álit, sem stjórn Lögmannafélags Íslands (L.M.F.Í.) hefði gefið 14. maí 1997 og varðaði ágreining um þóknun fyrir lögmannsstörf, væri í samræmi við ákvæði samkeppnislaga nr. 8/1993 um frjálsa verðlagningu og bann við verðsamráði eða hvort álitid væri til þess fallið að vera leiðbeinandi um samráð við gjaldtöku fyrir þjónustu lögmannna.

Meðfylgjandi erindinu var bréf L.M.F.Í. til Sveins Skúlasonar, dags. 15. maí 1997. Þar var gerð grein fyrir úrskurði stjórnar L.M.F.Í. vegna ágreinings milli Sveins og umbjóðanda hans um þóknun fyrir lögmannsstörf. Í bréfinu er málavöxtum lýst svo, að kvartað hafi verið við L.M.F.Í. yfir kostnaði af innheimtu skuldabréfskröfu. Kostnaðarliðir voru taldir háir, virðisaukaskattur tvíreiknaður o.fl. Varnaraðili, Sveinn Skúlason hdl., taldi þóknunarliði innheimtumálsins vera byggða á gjaldskrá lögmannsstofu hans.

Stjórn L.M.F.Í. fjallaði um einstaka kostnaðarliði í álitinu sínu. Þar segir m.a.: „Meðal gagna málsins er kvittun vegna innborgunar, dags. 23. janúar 1997. Á kvittuninni eru tilgreindir ýmsir kostnaðarliðir svo sem um þóknun fyrir ritun vörslusviptingarbeiðni og nauðungarsölubeiðni, hver að fjárhæð kr. 4.000. Samsvarandi liðir í gjaldskrá L.M.F.Í., sem síðast var gefinn út 1. júlí 1992, námu kr. 2.828. Með verðlagsbreytingum hefði þessi tala numið í dag á bilinu 3.100 - 3.150 krónur. Ekki hefur verið sýnt fram á nauðsyn þess að hækka þóknun fyrir þessa liði svo mikið sem raun ber vitni umfram hækkan lánskjaravísitölu. Eins og þetta mál er lagt fyrir stjórn L.M.F.Í. telur stjórnin að hæfileg þóknun fyrir þessa liði sé kr. 3.200.“

Pá segir í álitum stjórnar L.M.F.Í.: „Á kvittuninni kemur fram að áskilin er þóknun fyrir ritun greiðsluáskorunar, kr. 8.000, sem væntanlega stafar af því að skuldarar eru tveir. Að mati stjórnarinnar er ekki rétt að tvíreikna þóknun eins og gert er. Með vísun til [síðastgreindrar málsgreinar] telst hæfileg þóknun kr. 3.200 fyrir þennan lið, án virðisaukaskatts.“

Ekki var fjallað um ágreining vegna vörslusviptingarkostnaðar en talið rétt að lögmaðurinn leggði fram ljósrit reikninga fyrir þeim útlagða kostnaði sem og öðrum útlögðum kostnaði. Loks tók stjórn L.M.F.Í. fram, að hún teldi ekki ástæðu til frekari athugasemda vegna innheimtukostnaðar.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Sveins Skúlasonar hdl. var sent Lögmannafélagi Íslands með bréfi, dags. 13. júní sl. Í bréfinu var óskað eftir umsögn L.M.F.Í. um erindið en einnig upplýsinga um þann grunn sem efnislegar ákvarðanir stjórnar L.M.F.Í. um ágreining varðandi þóknun fyrir málflutningsstörf væru reistar á, hvort það væri venjubundin afgreiðsla hjá stjórninni að uppreikna gjaldskrá Lögmannafélagsins frá 1. júlí 1992 og taka mið af henni þannig uppfærðri í úrskurðum sínum og loks á hvaða lagagrundvelli stjórn L.M.F.Í. byggði úrskurðarvald sitt í ágreiningsmálum sem þessum.

2.

Umsögn L.M.F.Í. barst Samkeppnisstofnun með bréfi, dags. 23. júní sl. Þar segir að í lögum um málflytjendur nr. 61/1942 sé að finna ýmis ákvæði um hlutverk stjórnar L.M.F.Í. Í 1. mgr. 8. gr. laganna sé kveðið á um að stjórn Lögmannafélagsins beri að hafa eftirlit með því að lögmennt fari að lögum og samþykktum félagsins í starfa sínum og ræki skyldur sínar af trúmennsku og samviskusemi. Samkvæmt 4. málslíð 1. mgr. 8. gr. hafi stjórnin úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstarf, sé ágreiningur um það borinn undir hana. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laganna sé lögmanni heimilt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls og herra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast. Fyrrgreint ákvæði í 8. gr. laganna feli í sér heimild fyrir stjórn L.M.F.Í. til að veita álit sitt um hvað teljist hæfilegt endurgjald fyrir lögmannsstörf í skilningi 2. mgr. 2. gr.

Síðan segir í umsögn stjórnar L.M.F.Í. „Um margra áratuga skeið var gjaldskrá L.M.F.Í. notuð af stjórninni sem mælikvarði á það hvað teldist hæfileg þóknun í tilteknu máli. Bann samkeppnisráðs á árinu 1994 við frekari útgáfu gjaldskrár L.M.F.Í. breytti ekki þörf stjórnarinnar fyrir slíkum mælikvarða. Stjórnin hefur því eftir sem áður stuðst við einstök ákvæði gjaldskrárinnar, þegar leitað hefur verið álits hennar um hvað teljist hæfilegt endurgjald fyrir lögmannsstarf.“

Vegna erindis Sveins Skúlasonar hdl. tekur stjórn L.M.F.Í. fram, að gjaldskrá félagsins sem síðast hafi verið gefin út á árinu 1992 hafi stuðst við grunntölur frá september 1991. Útreikningar samkvæmt lánskjaravísitölu leiði í ljós að lítilsháttar hækkunir hafi orðið á þessum grunntölum.

Stjórn Lögmannafélagsins fellst ekki á að umrætt álit þess sé í andstöðu við ákvæði samkeppnislaga. Um sé að ræða þátt í lögbundnu hlutverki stjórnar L.M.F.Í. og verði ekki séð að álitid feli í sér ólöglegt samráð, er gangi gegn bannákvæðum laganna. Sérstaklega sé vakin athygli á því að um sé að ræða álit um þóknun, sem áskilin sé úr hendi skuldara, sem ekki eigi þess kost að velja hverjum krafan sé greidd.

Varðandi beiðni Samkeppnisstofnunar um upplýsingar í framangreindu bréfi stofnunarinnar, dags. 13. júní sl., segir að þegar stjórn L.M.F.Í. kveði upp úrskurði sína um ágreining um endurgjald fyrir málflutningsstarf ráði ýmis sjónarmið hinni endanlegu niðurstöðu. Meðal annars sé höfð í huga fyrrnefnd vísiregla í 2. mgr. 2. gr. málflytjendalaganna um að lögmanni sé rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls og herra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast. Fleiri sjónarmið geti haft áhrif, svo sem umfang verks og hversu vandamt það sé, hvort vinna hafi þurft málið á erlendu tungumáli, hvort óvenju mikill þrýstingur hafi verið um að hraða vinnslu málsins, gæði vinnunnar o.fl.

Um það hvort sú afgreiðsla stjórnar að miða álit sitt við uppreiknaða gjaldskrá L.M.F.Í. frá 1. júlí 1992 sé venjubundin segir stjórnin að svo sé ekki og um lagagrundvöll fyrir úrskurðarvaldi sínu vísar stjórnin til 4. málslíðar 1. mgr. 8. gr. laga um málflytjendur nr. 61/1942.

2.

Umsögn L.M.F.Í. var send Sveini Skúlasyni hdl. með bréfi, dags. 25. júní sl., og honum gefinn kostur á að gera athugasemdir.

Athugasemdir bárust Samkeppnisstofnun með bréfi, dags. 27. júní sl. Vegna fullyrðingar í bréfi L.M.F.Í. að „*lögmaðurinn hafi áskilið sér úr hendi skuldara kr. 4.000.- í öðru tilvikinu og kr. 8.000.- í hinu*“ segir, að um sé að ræða tvö aðskilin gjaldskráratriði en ekki eitt svo sem gefið sé í skyn af hálfu stjórnar L.M.F.Í. Ábendingu um þennan misskilning hafi verið komið á framfæri við stjórn L.M.F.Í. áður en umsögn hennar í málinu hafi verið samin.

Þá gerir lögmaðurinn þá athugasemd, að annars vegar segi í umsögn L.M.F.Í. að stjórn félagsins styðjist við hina bönnuðu gjaldskrá frá 1992 í álitum sínum en hins vegar segi í umsögninni að stjórnin styðjist ekki við uppreiknaða síðustu gjaldskrá, þegar álit sé veitt eða úrskurðir kveðnir upp. Í þessu felist þversagnir.

3.

Lögmannafélagi Íslands voru sendar athugasemdir Sveins Skúlasonar hdl. með bréfi, dags. 2. júlí sl., og gefið færi á að gera athugasemdir.

Í bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 16. júlí sl., tjáir stjórn L.M.F.Í. þá skoðun sína að bréf Sveins Skúlasonar hdl., dags. 27. júní sl., gefi ekki tilefni til sérstakra athugasemda af hálfu félagsins. Þó sé bent á, að fullyrðingar lögmannsins um þversagnir í málflutningi L.M.F.Í. séu á misskilningi byggðar. Einnig sé rétt að leiðrétta þann misskilning að gjaldskrá L.M.F.Í. frá 1. júlí 1992 hafi verið bönnuð með ákvörðun samkeppnisráðs nr. 3/1994. Einungis hafi verið um að ræða, að hafnað hafi verið beiðni um undanþágu til útgáfu leiðbeinandi gjaldskrár félagsins.

III.

Niðurstaða

1.

Mál þetta er spröttið af álitum stjórnar Lögmannafélags Íslands, dags. 15. maí sl., vegna ágreinings um þóknun fyrir lögmannsstörf. Í álitum þessu kemur fram, að stjórn L.M.F.Í. telji tiltekna kostnaðarliði í gjaldskrá lögmannsstofu Sveins Skúlasonar hdl. vera umfram það sem eðlilegt geti talist, m.a. með hliðsjón af

gjaldskrá L.M.F.Í. sem síðast var gefin út 1. júlí 1992. Telur stjórnin annars vegar, að þóknun fyrir ritun vörslusvippingarbeiðni og nauðungarsölubeiðni, hver að fjárhæð kr. 4.000.-, sé hæfilega metin kr. 3.200.- og hins vegar telur stjórnin ekki rétt að tvíreikna þóknun fyrir ritun greiðsluáskorunar af þeirri ástæðu að skuldarar séu tveir.

Í umsögn L.M.F.Í. kemur fram, að stjórn félagsins styðjist við 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur varðandi úrskurðarvald sitt um endurgjald fyrir málflyttingsstörf. Við mat sitt beri stjórninni að líta til 2. mgr. 2. gr. laganna þar sem segi að lögmanni sé heimilt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín. Stjórnin hafi um margra áratuga skeið notast við gjaldskrá L.M.F.Í. sem mælikvarða á það hvað teldist hæfileg þóknun í tilteknu máli. Bann samkeppnisráðs á árinu 1994 við frekari útgáfu gjaldskrárinnar hafi ekki breytt þörf stjórnarinnar fyrir slíkan mælikvarða. Stjórnin hafi því eftir sem áður stuðst við einstök ákvæði gjaldskrárinnar, þegar leitað hafi verið álits hennar á hvað teljist hæfilegt endurgjald fyrir lögmannsstarf. Stjórn L.M.F.Í. telur, að álit hennar feli ekki í sér ólögmaett samráð er gangi gegn bannákvæðum samkeppnislaga. Sérstaklega er vakin athygli á því að verið sé að ræða um þóknun sem áskilin sé úr hendi skuldara, sem ekki eigi þess kost að velja hverjum krafan sé greidd.

2.

Samkeppnisráð hefur áður fjallað um gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, sbr. ákvörðun ráðsins nr. 3/1994. Í því máli hafði L.M.F.Í. farið þess á leit við samkeppnisráð, að það veitti félaginu undanþágu frá banni samkeppnislaga við verðsamráði til að gefa út gjaldskrá „er hafi að geyma leiðbeinandi reglur um ákvörðun málskostnaðar í málum, þar sem lögmaður leitar aðstoðar dómstóla eða stjórnvalds vegna hagsmuna eða réttinda umbjóðanda síns og stefndi, úrskurðar- eða gerðarþoli á undir dómara eða embættismanni ákvörðun um þóknun gagnaðilla, svo og reglur um þóknun í innheimtumálum, sem gerð eru upp án atbeina dómstóla eða stjórnvalda, að því leyti sem kröfu um greiðslu innheimtuþóknunar er beint að skuldara kröfunnar.“ Í forsendum samkeppnisráðs að ákvörðun nr. 3/1994 segir:

„Leiðbeinandi reglur vegna þess málskostnaðar sem erindi Lögmannafélags Íslands nær til eru til þess fallnar að hafa áhrif á aðrar gjaldskrár lögmannna og kostnaðartengdar breytingar á þeim. Með því munu reglurnar sem sótt er um undanþágu fyrir fremur geta dregið úr verðsamkeppni á milli lögmannna en aukið hana.“

Að mati samkeppnisráðs uppfyllti beiðni L.M.F.Í. því ekki þau skilyrði til undanþágu sem fram koma í 16. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. og greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga, og var beiðninni hafnað.

Lögmannafélagið áfrýjaði þessum úrskurði til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, sbr. úrskurð hennar nr. 2/1994. Þar var þess m.a. krafist, að L.M.F.Í. yrði heimilað að gefa út leiðbeinandi gjaldskrá samkvæmt framansögðu. Fyrir áfrýjunarnefndinni benti Lögmannafélagið sérstaklega á, að gjaldskránni væri ætlað að gilda þegar um innheimtu- eða málflutningsþóknun væri að ræða, sem annar ætti að greiða en umbjóðandi lögmanns í hverju tilviki. Það væri skuldari kröfu sem bæri lögmannskostnaðinn og hann ætti þess ekki kost að velja hvort og þá hversu mikið hann greiddi lögmanninum. Þá byggði L.M.F.Í. einnig á því, að gjaldskráin væri nauðsynlegt tæki fyrir t.d. stjórn Lögmannafélags Íslands til að geta sinnt því hlutverki sem henni væri falið í 2. og 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur.

Í niðurstöðu áfrýjunarnefndar samkeppnismála segir m.a., að þótt gjaldskránni sé ætlað að gilda við ákvörðun lögmannsþóknunar á hendur öðrum en skjólstæðingi lögmannsins, telji áfrýjunarnefndin ljóst að gjaldskrá af þessu tagi og við þessar aðstæður geti verið til þess fallin að hafa áhrif á ákvörðun lögmannna um þóknun í öðrum tilvikum, þ.e. við ákvörðun þóknunar á hendur skjólstæðingum. Ennfremur segir í úrskurðinum: „Þá er það mat áfrýjunarnefndarinnar að umrædd gjaldskrá sé ekki nauðsynleg til þess að stjórn L.M.F.Í. geti rækt skyldur sínar samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur, þar eð því markmiði megi ná með öðrum hætti. Samkvæmt þessu er talið að fyrrgreind lagaheimild feli ekki í sér frávik frá hinum almennu ákvæðum samkeppnislaga.“ Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 3/1994 var síðan staðfest, þar sem ekki þótti sýnt fram á að skilyrðum 16. gr. samkeppnislaga væri fullnægt. Lögmannafélagið nýtti sér ekki málskotsrétt sinn til dómstóla skv. 56. gr. samkeppnislaga.

Í ljósi þessa þykir réttarstaðan skýr í þessu máli. Lögmannafélag Íslands er samtök fyrirtækja í skilningi 12. gr. samkeppnislaga. Félaginu er því óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögnum eða brjóta í bága við ákvarðanir á grundvelli þeirra. Gjaldskrá L.M.F.Í. frá 1. júlí 1992 er samþykkt milli fyrirtækja á sama sölustigi sem ætlað er að hafa áhrif á verð. Notkun gjaldskrárinnar, hvort sem er með bindandi eða leiðbeinandi hætti, fer því gegn 10. gr. samkeppnislaga.

3.

Í 4. málslíð 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur segir: „Stjórn [Lögmannafélags Íslands] hefur úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflytningu, ef ágreiningur um það er borinn undir hana.“

Í 2. mgr. 2. gr. laganna segir: „Héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og hærra endurgjald, ef mál vinnst, en ef það tapast.“

Þegar fjallað er um „hæfilegt endurgjald“ í 2. mgr. 2. gr. laga 61/1942 verður að skýra það orðalag til samræmis við heimildir stjórnar Lögmannafélags Íslands skv. samkeppnislögum. Að mati samkeppnisráðs verður að líta svo á, að úrskurðarheimild stjórnar Lögmannafélags Íslands hafi tekið efnislegum breytingum við gildistöku samkeppnislaga og ennfremur þegar niðurstaða áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 2/1994 lá fyrir. Eftir þann úrskurð er ljóst, að stjórn Lögmannafélagsins er óheimilt að miða við gjaldskrá L.M.F.Í. frá 1. júlí 1992 eða aðrar samræmdar gjaldskrár við úrlausn ágreinings um málflytningu. Má sérstaklega benda á, að það var ein af málsástæðum L.M.F.Í. fyrir áfrýjunarnefndinni í fyrrgreindu máli, að stjórninni væri nauðsynlegt að hafa slíkan almennan mælikvarða til að styðjast við. Því sjónarmiði var hafnað. Samkeppnisráð telur því, að hafna verði því sjónarmiði L.M.F.Í. að gjaldskrá félagsins frá 1. júlí 1992 hafi ekki verið bönnuð í úrskurði áfrýjunarnefndarinnar nr. 2/1994. Eftir að áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun samkeppnisráðs um að hafna beiðni L.M.F.Í. um undanþágu til að gefa út leiðbeinandi gjaldskrá, hefur stjórn félagsins orðið að leggja önnur gildi, en gjaldskrá L.M.F.Í. sem hefur verið ógilt, til grundvallar mati sínu á því hvort endurgjald lögmannanna sem ágreiningur hefur orðið um og borið hefur verið undir stjórnina sé hæfilegt eða ekki. Af því leiðir, að endurskoðunarvald stjórnar L.M.F.Í. lýtur t.d. að því hvort lögmaður hefur heimfært verk sitt undir réttan lið í hans eigin gjaldskrá, hvort tvítekið er fyrir verk og hvort gjaldtaka er óhæfileg miðað við almenn siðferðileg gildi samfélagsins, launakjör og verðlag. Endurskoðunarvald stjórnar L.M.F.Í. getur ekki lotið að því, hvort tiltekinn lögmaður innheimtir endurgjald sem miðað er við gjaldskrá annarra lögmannanna eða hina ógiltu gjaldskrá félagsins frá 1. júlí 1992.

Samkeppnisráð telur að sú háttsemi stjórnar Lögmannafélags Íslands að beita samanburði á gjaldtöku einstakra lögmannanna við gjaldskrárlíði í gjaldskrá L.M.F.Í. frá 1. júlí 1992 til að meta hvað talist geti „hæfilegt endurgjald“, leiði

til þess að hinni ólögmetu gjaldskrá sé í raun viðhaldið. Umrædd háttsemi Lögmannafélagsins er því til þess fallin að draga úr samkeppni milli lögmanna.

4.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir er það niðurstaða samkeppnistráðs, að beiting stjórnar Lögmannafélags Íslands á gjaldskrá Lögmannafélagsins frá 1. júlí 1992 brjóti gegn 10., sbr. 12. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 2/1994.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Beiting stjórnar Lögmannafélags Íslands á gjaldskrá félagsins frá 1. júlí 1992 við meðferð úrskurðarvalds síns skv. lögum nr. 61/1942 um málflytjendur brýtur gegn 10. og 12. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.“

ÚRSKURÐUR

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 16/1997

Lögmannafélag Íslands

gegn

samkeppnisráði

I.

Með bréfi, dags. 15. október 1997, er barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála 16. október s.á., hefur Andri Árnason, hrl., fyrir hönd Lögmannafélags Íslands kært ákvörðun samkeppnisráðs nr. 36/1997, dags. 18. september 1997.

Í ákvörðuninni segir að beiting stjórnar Lögmannafélags Íslands á gjaldskrá félagsins frá 1. júlí 1992, við meðferð úrskurðarvalds síns samkvæmt lögum nr. 62/1942 um málflytjendur, brjóti gegn 10. og 12. gr. samkeppnislaga.

Áfrýjandi krefst þess að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 36/1997 verði felld úr gildi.

Samkeppnisráð krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

II.

Málavextir eru þeir að með ákvörðun samkeppnisráðs nr. 3/1994 var beiðni áfrýjanda um að gefa út leiðbeinandi gjaldskrá hafnað. Sú ákvörðun samkeppnisráðs var staðfest með úrskurði áfrýjunarnefndar nr. 2/1994.

Í erindi til Samkeppnisstofnunar, dags. 3. júní 1997, spurðist Sveinn Skúlason, hdl., fyrir um hvort álit sem stjórn áfrýjanda gaf 14. maí 1997 væri í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Álit stjórnar áfrýjanda var til komið vegna ágreinings um þóknun fyrir lögmannsstörf. Í erindinu til Samkeppnisstofnunar var einnig spurst fyrir um hvort telja mætti að álit stjórnar áfrýjanda væri til þess fallið að vera leiðbeinandi um samráð við gjaldtöku fyrir þjónustu lögmannna.

Í álit stjórnar áfrýjanda var fjallað um einstaka kostnaðarliði vegna innheimtu skuldabréfskröfu. Við mat á hæfilegri þóknun var vísað til viðeigandi liða í gjaldskrá áfrýjanda frá 1992 og áætlað hver sú fjárhæð væri nú með hliðsjón af verðlagsbreytingum. Þá kom fram í álitinu að stjórn áfrýjanda taldi ekki hafa verið ástæðu til að hækka viðeigandi kostnaðarliði frá gjaldskránni umfram hækkun lánskjaravístölu.

Málsmeðferð samkeppnisyfirvalda er lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess.

Mál þetta var flutt munnlega fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála 6. nóvember 1997.

III.

Áfrýjandi byggir kröfu sína á því að úrskurðarvald stjórnar Lögmannafélags Íslands, um endurgjald fyrir málflutningsstarf, samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur falli utan við gildissvið samkeppnislaga.

Til vara byggir áfrýjandi á því að beiting stjórnar áfrýjanda á gjaldskrá frá 1. júlí 1992 við meðferð úrskurðarvalds síns samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 brjóti ekki í bága við 10. og 12. gr. samkeppnislaga.

Bent er á að samkvæmt 7. og 8. gr. laga nr. 61/1942 hafi áfrýjandi og stjórn félagsins lögbundnu hlutverki að gegna. Í 7. gr. segi að lög-
mönnum sé skylt að hafa með sér félag og samkvæmt 8. gr. hafi stjórn áfrýjanda eftirlitsvald með lögmonnum. Stjórnin hafi m.a. úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstörf sé ágreiningur borinn undir hana. Áfrýjandi telur að af ákvæðum þessum sé ljóst að stjórn áfrýjanda hafi stjórnarsýsluhlutverk að lögum og teljist því vera stjórnvald þegar hún beiti eftirlits- og úrskurðarvaldi sínu. Þegar stjórnin úrskurði um endurgjald fyrir málflutningsstarf sé því um stjórnvaldsákvörðun að ræða.

Að mati áfrýjanda tengjast slíkir úrskurðir ekki viðskiptahagsmunum félagsmanna. Þegar stjórnin beiti þessu eftirlitsvaldi sínu teljist félagið því ekki vera samtök fyrirtækja í skilningi 12. gr. samkeppnislaga. Áfrýjandi telur að úrskurðir stjórnar áfrýjanda sem stjórnvalds falli því utan gildissviðs samkeppnislaga.

Ef ekki verði fallist á að úrskurðarvald stjórnar áfrýjanda falli utan við gildissvið samkeppnislaga krefst áfrýjandi þess að viðurkennt verði að beiting á gjaldskrá áfrýjanda, frá 1. júlí 1992, sem mælikvarða í úrskurðum brjóti ekki í bága við 10. og 12. gr. samkeppnislaga.

Bent er á að úrskurðarvald stjórnar áfrýjanda sé hluti af lögbundnu eftirlitshlutverki stjórnarinnar. Beiting þess úrskurðarvalds geti því ekki verið andstæð 12. gr. samkeppnislaga. Því er einnig hafnað að beiting á gjaldskrá félagsins frá 1992 við meðferð úrskurðarvaldsins brjóti gegn 10. gr. samkeppnislaga. Áfrýjandi kveður tilgang 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 vera fyrst og fremst að gera mönnum kleift að skjóta ágreiningi um endurgjald til úrskurðaraðila og séu úrskurðirnir bundnir við afgreiðslu einstakra mála. Því sé ekki um að ræða samninga eða samþykktir sem ætlað er að hafa áhrif á verð, skiptingu markaða eða gerð tilboða, í skilningi 10. gr. samkeppnislaga.

Áfrýjandi fellst hvorki á að úrskurðarheimild stjórnar áfrýjanda hafi tekið efnislegum breytingum við gildistöku samkeppnislaga né við niðurstöðu samkeppnisráðs og áfrýjunarnefndar árið 1994 um leiðbeinandi gjaldskrár lögmanna. Af úrskurðinum sé ekki hægt að draga þá ályktun að hann feli í sér efnislega breytingu á úrskurðarvaldi stjórnar áfrýjanda enda verði ekki séð að samkeppnisyfirvöld geti breytt lögmæltu hlutverki stjórnarinnar. Bent er á að 8. gr. laga nr. 61/1942 hafi verið breytt árið 1995 en að löggjafinn hafi ekki séð ástæðu til að breyta ákvæðinu um úrskurðarvald stjórnar áfrýjanda.

Að mati áfrýjanda felur niðurstaða áfrýjunarnefndar í máli 2/1994 ekki í sér ógildingu á gjaldskránni frá 1992 eða að óheimilt sé að hafa grundvöll hennar til viðmiðunar við úrlausn ágreiningsmála.

Bent er á að gjaldskráin sé einungis mælikvarði sem stjórn áfrýjanda miði við. Það hljóti að vera efnislegt mat úrskurðaraðila hvaða viðmiðun hann noti við beitingu úrskurðarvalds síns. Áfrýjandi telur útilokað að gæta samræmis og jafnræðis í úrskurðum ef bannað væri að nota slíka hlutræna mælikvarða.

Þó að áfrýjanda sé óheimilt að gefa út almenna viðmiðunargjaldskrá getur samkeppnisráð, að mati áfrýjanda, ekki mælt fyrir um að

IV.

Niðurstöður.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 62/1942 um málflytjendur er héraðsdóms- og hæstaréttarlögmönnum rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og herra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast. Loforð um sýnilega ósanngjarnt endurgjald fyrir máflutningsstarf er ekki skuldbindandi. Samkvæmt 8. gr. sömu laga hefur stjórn áfrýjanda, Lögmannafélags Íslands, úrskurðarvald um endurgjald fyrir máflutningsstarf sé ágreinngur um það borinn undir hana. Stjórn áfrýjanda er því lögbundinn úrskurðaraðili á því sviði sem hér um ræðir. Eru og deiluaðilar almennt bundnir við þá niðurstöðu sem stjórnin fellir í slíkum tilvikum.

Fyrir liggur að áfrýjandi hefur farið þess á leit við samkeppnisráð að það veitti félaginu undanþágu frá banni samkeppnislaga við verðsamráði til að gefa út gjaldskrá. Með ákvörðun samkeppnisráðs nr. 3/1994 var beiðninni hafnað m.a. á þeim forsendum að slík leiðbeinandi gjaldskrá væri til þess fallin að hafa áhrif á aðrar gjaldskrár lögmanna og kostnaðartengdar breytingar á þeim og þannig frekar gæti dregið úr verðsamkeppni milli lögmanna heldur en aukið hana. Þessari ákvörðun var skotið til áfrýjunarnefndarinnar sem staðfesti hana með úrskurði nr. 2/1994 meðal annars með þeim rökum að umrædd gjaldskrá væri ekki nauðsynleg til þess að stjórn áfrýjanda gæti rækt skyldur sínar samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laganna um málflytjendur.

Ljóst er að beiting stjórnar áfrýjanda á fyrrgreindri gjaldskrá sem var í gildi 1992 að teknu tilliti til síðari verðlagsbreytinga fer í bága við það samkeppnismarkmið sem stefnt var að í fyrrgreindri ákvörðun samkeppnisráðs og úrskurði áfrýjunarnefndarinnar. Áfrýjunarnefndin lítur svo á að í ákvörðunum þessum felist að stjórn áfrýjanda hafi í allri starfsemi sinni verið óheimilt að nota fyrrgreinda gjaldskrá ef notkunin fari beint eða óbeint gegn ákvæðum 10. eða 12. gr. samkeppnislaga. Áfrýjunarnefndin telur samkvæmt þessu að þetta gildi einnig um þá starfsemi stjórnar áfrýjanda sem felst í því að úrskurða um máflutningsþóknun.

Með hliðsjón af framanrituðu og að öðru leyti með skírskotun til þeirra röksemda sem fram koma í hinni kærðu ákvörðun þykir mega staðfesta hana.

V.

Úrskurðarorð.

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 36/1997, dags. 18. september 1997, er staðfest.

Reykjavík, 26. nóvember 1997.

Stefán Már Stefánsson

Inga Jóna Þórðardóttir

Ingveldur Einarsdóttir

Rétt endurrit staðfestir;

27 nóvember 1997

Ásta Valdísarsdóttir